

Stjórnarfundur STEFs 20. maí 2022

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs fimmtudaginn 20. maí 2022 og hófst hann kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Páll Ragnar Pálsson, Sigríður Thorlacius og Sigurður Flosason. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 25. apríl svo og útdráttur voru lögð fram og samþykkt.
2. Ársreikningur STEFs lagður fram til afgreiðslu. Einar Hafliði Einarsson, endurskoðandi STEFs, mætti á fundinn undir þessum lið sem gestur og kynnti ársreikning STEFs 2021. Með honum var einnig Guðmundur Þór Guðjónsson, fjármálastjóri STEFs.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða og undirritaður.

3. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a) Bréf til úrskurðarnefndar skv. 57. Höfundalaga.
- b) Fjölpóstur sendur út vegna sérstakrar úthlutunar framlags stjórnvalda.

Undir þessum lið urðu nokkrar umræður um hámark styrkja úr Ferðasjóði, en hámarksfjárhæðin hefur verið hin sama allengi, burtséð frá fjölda áfangastaða (lengd ferða). Mun framkvæmdastjóri ræða málið við stjórn ferðasjóðs, sem mun þá hugsanlega breyta verklagsreglum sínum.

Einnig var nokkur umræða um *Minningarsjóð um látin tónskáld* og var nefnt hvort ekki væri rétt að breyta heiti sjóðsins í t.d. *Minningar- og góðgerðarsjóð* og þá um leið að auglýsa tilgang sjóðsins betur á heimasíðunni sem fyrst og fremst yrði hugsaður til að veita útfarastyrki til meðlima STEFs í þeim tilvikum sem sérstök þörf er á slíku. Þá væri enn fremur hægt að kynna betur sölu á minningarkortum.

Þá kynnti framkvæmdastjóri sérstaklega beiðni *Fjölís* um útvíkkað umboð frá aðildarfélögum, en slíkt er talið nauðsynlegt til að Fjölís geti sinnt hlutverki sínu skv. 12. gr. b í höfundalögum, sem mælir fyrir um að söfnum sé heimilt að gera eintök af birtum verkum í safni sínu og gera þau aðgengileg almenningi að fullnægðum skilyrðum um samningskvaðaleyfi. Stjórn samþykkti að veita Fjölís slíkt leyfi, en telur þó mjög mikilvægt að því verði komið á framfæri við Fjölís að það samningskvaðaleyfi sem veitt verði söfnum með vísan til 12. gr. b hafi ekki neikvæð áhrif á markað með nótur, bæði leigu þeirra og sölu. Íslenskur markaður með nótur er mjög smár og viðkvæmur og því mega söfn alls ekki fara að birta nótur sem eru á markaði eða geta verið á markaði í samkeppni við vefverslanir höfunda, þ.m.t. vefverslun *Tónverkamiðstöðvarinnar*.

4. Ársskýrsla STEFs lögð fram til kynningar.

Engar athugasemdir voru gerðar við skýrsluna.

5. Tilnefning þriðja aðila í Matsnefnd STEFs, sbr. minnisblað um verkferla í ágreiningsmálum, sem lagt var fram á síðasta fundi. Sú tillaga kom fram að ræða við Eypór Gunnarsson um að taka að sér þetta hlutverk, var hún samþykkt með þeim fyrirvara að hann væri tilbúinn til verksins.

6. Sjálfsmat stjórnar.

Lagðar voru fram niðurstöður úr sjálfsmati stjórnar 2022, sbr. starfsreglur stjórnar og þær ræddar. Niðurstöðurnar sýna traust milli stjórnarmeðlima og almenna ánægju með störf stjórnar.

7. Undirbúningur aðalfundar fulltrúaráðs.

Rætt var um framkvæmd stjórnarkjörs á aðalfundinum svo og fyrirkomulag annarra fyrirhugaðra atkvæðagreiðsla á fundinum.

8. Önnur mál.

a) Beiðni um styrk vegna viðburðar – *Kventónskáld í sviðsljósinu* (kvikmyndatónskáldasýning í samstarfi við Feminist Film Festival). Ákveðið var að veita styrk að fjárhæð 300 þúsund kr.

b) Þar sem þetta var síðasti stjórnarfundur Hildar Kristínar, þá voru henni sérstaklega þökkuð góð störf og samstarf á síðustu tveimur árum.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:00.